

Skólaráðsfundur 10. maí 2024

Fundinn sátu: Vildís Björk Bjarkadóttir, Karítas Sigurbjörg Björnsdóttir, Valborg Hjálmarsdóttir, Emma Sif Björnsdóttir, Elenóra Jónsdóttir, Sighvatur Pálmason fulltrúi 10. bekkjar, Emma Katrín Helgadóttir fulltrúi 10. bekkjar, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Skóladagatal 2024-2025.

Rætt um breytingatillögur skólaráðs frá síðasta fundi sem voru samþykktar í fræðsluráði í gær, þ.a. 23. og 25. apríl 2025 verða starfsdagar og nemendur því í fríi. Búið er að samræma skóladagatal næsta skólaárs við aðra leik- og grunnskóla í Skagafirði varðandi helstu frídaga, s.s. haustfrí og vetrarfrí. Skóladagatalið telst því samþykkt.

Eftirfarandi ályktun varðandi skólahúsnæði Árskóla var rædd og samþykkt:

Skólaráð Árskóla vekur athygli á því að enn er ekki byrjað á nauðsynlegu viðhaldi á A-álmú skólans. Það er mjög brýnt að koma því af stað.

Þá minnir skólaráð á að enn er Árskóli ekki fullbúinn. Það vantar tónmenntastofu, raungreinastofu og samkomusal. Þá eru verkgreinarnar textíl og heimilisfræði í ófullnægjandi aðstöðu.

Það er áhyggjuefni að ekki er búið að fullbúa grunnskóla sem er áratugagamall.

Því skorum við á fræðslunefnd að beita sér fyrir nauðsynlegu viðhaldi skólans og að hönnun lokaáfangna Árskóla verði hafin.

Vakin var athygli á því að gervigrasvöllurinn við skólann þarfnast sárlega viðhalds, undirlag er skemmt og völlurinn orðinn mjög holóttur, sem eykur hættu á slysum.

Önnur mál

- Rætt um langþráð skólaferðalag 10. bekkjar til Danmerkur í næstu viku. Aðrir bekkir fara svo í styttri skólaferðir.
- Þessa viku hafa verið hér tveir finnskir kennarar í tengslum við verkefni sem kallast „job shadowing“ og hafa þeir verið að kynna sér skólstarfið.
- Verið er að auglýsa stöður við skólann.